

Reglur Suðurnesjabæjar um útleigu íbúða fyrir einstaklinga 60 ára og eldri.

1.gr.

Markmið

Íbúðum eldri borgara í Miðhúsum í eigu Suðurnesjabæjar er ætlað að vera húsnæðisvalkostur fyrir íbúa Suðurnesjabæjar sem eru orðnir 60 ára eða eldri.

Í fjölbýlishúsinu er aðgengi að skipulögðu félagsstarfi og mótuneyti.

Ekki er um sértækt þjónustuúrræði að ræða en íbúum stendur til boða samskonar þjónusta og öðrum íbúum bæjarfélagsins sem búa á einkaheimilum.

2.gr.

Upplýsingar um lausar íbúðir

Starfsmaður í húsnæðismálum hjá félagsþjónustu auglýsir íbúðir í Miðhúsum í eigu Suðurnesjabæjar til leigu innan Suðurnesjabæjar þegar þær eru tilbúnar til útleigu.

3.gr.

Umsókn

Skriflegri umsókn skal skilað til bæjarskrifstofu Suðurnesjabæjar. Umsóknin gildir þar til auglýstri íbúð hefur verið úthlutað.

4.gr.

Skilyrði

Skilyrði fyrir að umsókn sé tekin til greina er að umsækjendur séu 60 ára eða eldri.

5.gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Undanþágu frá búsetuviðmiðum má gera á félagslegum forsendum, að undangengnu mati félagsráðgjafa og með samþykki fjölskyldu- og velferðarnefndar.

Við undanþágu frá búsetuviðmiðum er fyrst og fremst litið til aðstæðna einstaklinga sem óska eftir að flytja í sveitafélagið til að njóta nálægðar við afkomendur sína sem eiga lögheimili í sveitafélaginu eða ef viðkomandi hafa búið stóran hluta ævi sinna í Suðurnesjabæ.

6.gr.

Forgangsröðun umsókna

Ef fleiri en einn umsækjandi er um sömu íbúð skal umsóknum forgangsraðað á grundvelli mats. Við mat á umsókn er tekið tillit til aldurs, húsnæðisaðstæðna, þjónustuþarfar og færni umsækjenda. Starfsmaður félagsþjónustu framkvæmir matið.

7.gr.

Tilkynning um afgreiðslu umsóknar

Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um það hvort umsókn þeirra hafi verið samþykkt eða synjað. Hafi umsókn verið samþykkt hefur umsækjandi sjö daga frest til að tilkynna hvort hann þiggi íbúðina eða ekki.



SUÐURNESJABÆR

Um leið og synjun umsóknar er tilkynnt skal umsækjanda tilkynntur réttur hans til að fara fram á að fjölskyldu- og velferðarnefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til nefndarinnar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Fjölskyldu- og velferðarnefnd skal fjalla um erindið og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskyldu- og velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots frá því að umsækjanda var kynnt niðurstaða nefndarinnar.

8.gr.

Leigusamningur

Starfsmaður í umboði sveitafélagsins gerir leigusamning við leigutaka fyrir hönd Suðurnesjabæjar.

9.gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

10.gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og velferðarráði á fundi 11.6.2020 og í Bæjarráði 8. júlí 2020.